



Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða

Aðalfundur Upplýsingar

29. maí 2026, kl. 13

Fundarstaður: Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Fundarstjóri: Thelma Rós Sigfúsdóttir

Fundarritari: Sigurlaug Jóna Hannesdóttir

Mættir voru 40 félagar, skv. skráningu á viðburðinn.

Dagskrá: (formaður setur fundinn og býður fram fundarstjóra og ritara)

Þórný Hlynsdóttir formaður Upplýsingar setti fundinn klukkan 13:00 og tilnefndi Thelmu Rós Sigfúsdóttur sem fundarstjóra og Sigurlaugu Jónu Hannesdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

Fundarstjóri kynnir sig og greinir frá að Upplýsing hafi boðað til aðalfundar í Fregni 23. mars sl., aftur 17 apríl og með formlegu fundarboði á póstlista Fregna 15. maí 2026, en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

Fundarstjóri spyr svo hvort félagsmenn telji að löglega sé til fundarins boðað?
Handaupprétting. Fundur samþykkir.

a) Skýrsla stjórnar

Þórný Hlynsdóttir, formaður fer yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2025-2026.

Fundarstjóri spyr hvort skýrsla stjórnar sé samþykkt?

Fundur samþykkir með handauppréttingu.

b) Skýrslur hópa og nefnda

Formaður fer yfir skýrslur nefnda.

Kristín Lilja Thorlacius, starfsmaður Landsbókasafns, spyr hvort endurskipað hafi verið í stjórn hljóðbókasafns? Formaður greinir frá að Lísu Z. Valdimarsdóttir hafi tekið að sér að sækja fund stjórnar þar sem sitjandi nefndarmenn, sem vinna báðir í Landsbókasafni, hafi beðist undan að sitja fundi stjórnar Hljóðbókasafnsins þegar sameiningarmál eru til umræðu, enda sé þar um hagsmunaárekstra að ræða.

Fundarstjóri spyr hvort skýrslur hópa og nefnda séu samþykktar?

Fundur samþykkir skýrslur hópa og nefnda.

c) Reikningar félagsins – Gjaldkeri Laufey H. Svavarsdóttir kynnir reikninga ársins 2025.

Engar spurningar eða athugasemdir bárust frá fundarmönnum.

Fundarstjóri spyr hvort reikningar félagsins séu samþykktir.

Fundur samþykkir reikninga félagsins.

d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.

Gjaldkeri ber fram tillögu um óbreytta þóknun fyrir næsta starfsár.

Fundarstjóri spyr hvort félagsmenn séu samþykktir.

Engar athugasemdir eru gerðar af hálfu fundarmanna og fundur samþykkir óbreytta þóknun til stjórnarmanna,

e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.

Gjaldkeri ber upp fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir 2026-2027.

Fundarstjóri spyr hvort áætlunin sé samþykkt.

Fundur samþykkir áætlun.

f) Árgjald.

Stjórn gerir ekki tillögu um breytingu á árgjaldi

Stjórn batt vonir við að fá inn fleiri söfn sem greiða stofnanaaðild, en það skilaði sér ekki og undirtektir voru engar.

Þórný Hlynsdóttir, formaður spyr fundargesti hvort vilji sé fyrir að breyta árgjaldi.

Fundargestir mæla með hækkun árgjalds. Einnig rætt að hækka stofnanaaðild.

Lagt til að hækka árgjald úr 7.000 í 8.000.

Fundur samþykkir hækkun árgjalds.

g) Lagabreytingar.

Stjórn leggur ekki til lagabreytingar í ár, lög sem samþykkt voru á aðalfundi 2025 líta svona út:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
- c) Reikningar félagsins.
- d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.
- e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
- f) Árgjald.
- g) Lagabreytingar.
- h) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr.
- i) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- j) Önnur mál

h) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.

Formaður Þórný Hlynsdóttir, gjaldkeri Laufey H. Svavarsdóttir og varaformaður/ritari Sigurlaug Jóna Hannesdóttir hafa óskað eftir lausn frá stjórnarsetu.

Þrjú framboð til stjórnar hafa borist. Fundarstjóri ber framboðin undir félagsmenn, einn frambjóðanda í einu. Handaupprétting til samþykktar:

Sólveig Lind Ásgeirsdóttir frá Landsbókasafni - Samþykkt

Kolbrún Erla Pétursdóttir frá Bókasafni Múlapings - Samþykkt

Andrea Ævarsdóttir - Samþykkt

Eitt framboð hefur borist til formennsku í félaginu, það er Hrönn Soffú- Björgvinsdóttir frá Amtsbókasafninu á Akureyri. - Samþykkt

Aðrir í stjórn eru ekki í kjöri að þessu sinni:

Prúður Sigurðar (ritari) ekki í kjöri.

Arnar Óðinn (meðstjórnandi og vefstjóri) ekki í kjöri.

Varamenn í stjórn: Þórný Hlynsdóttir (til tveggja ára) og Sigurlaug Jóna Hannesdóttir (til eins árs).

Fundarstjóri spyr hvort þær séu samþykktar sem varamenn.

Fundur samþykkir.

i) Kosning skoðunarmanna reikninga.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Margrét Ásgeirsdóttir hafa gefið samþykki fyrir áframhaldandi störfum.

Fundur samþykkir.

j) Önnur mál.

Ritari vill koma því á framfæri að félagar passi uppá að við séum með rétt og virk netföng skráð hjá okkur svo upplýsingar í Fregni og skírteini komist örugglega til skila. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar fólk skiptir um starfsvettvang eða lætur af störfum.

Þórný Hlynsdóttir óskar eftir að taka til máls og afhenda heiðursverðun Upplýsingar 2026. Þórný fer yfir nám og störf heiðursverðlaunahafa sem að þessu sinni er Dögg Hringsdóttir. Dögg ávarpar fundinn og þakkar fyrir viðurkenninguna.

Fundi slitið 13:50